

Leikholt 25. nóvember 2015



### 3. Umhverfisnefndarfundur

Mættir: Sírý, Haukur, Bergur Tjörvi, Snorri, Sara Björk, Ástríður, Már Óskar, Silvía Rún, Óðinn Þór og Magnús Örn.

- Sírý byrjar á að rifja upp fyrir börnunum að nú séu þau nýja umhverfisnefndin.
- Upprifjun: Hvað er umhverfisnefnd? Og hvað gerir umhverfisnefnd?
- Hvernig erum við að standa okkur í umhverfismálum?
  - Erum við að flokka rétt?
  - Erum við dugleg að slökkva ljósið þar sem enginn er?
  - Börnin voru sammála um það að við værum að standa okkur vel 😊 En að við mættum vera duglegri að slökkva ljósið og að fara út í endurvinnslutunnu með full flokkunarílát.
- Sírý ræddi um síðasta þema, að rannsaka lífríkið, og ræddi um að nú værum við búin að ljúka því í bili og nú væri nýtt þema að taka við, „vatn“.
- Börnin fengu upprifjun um hringrás vatns.
- Ætlum að setja þemavinnuna á fullt eftir áramót, því nú eru að taka við jólatengd verkefni
- Nú er komið að því að fara að fóðra fuglana úti. Það er orðið kalt og lítið um æti. Við báðum Elínu Önnu um að kaupa fuglafóður, en við ætlum líka að biðja Huldu Hrönn um að geyma gamalt brauð og brauðenda.
- Fundi slitið